

Fundargerð 416

Mánudaginn 30. júní 2014 kl. 10:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason stjórnarformaður, Ásthildur Sturludóttir, Einar E. Einarsson, Karl Björnsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Sigríður Jóhannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Þá sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigurður Árnason (við dagskrárlið 4), Snorri Björn Sigurðsson forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Á undan stjórnarfundum var haldin kynning á starfsemi stofnunarinnar þar sem helstu verkefni hennar voru kynnt auk þess sem farið var yfir starfsreglur og hlutverk og skyldur stjórnarmanna. Auk ofangreindra sátu varamennirnir Anna Guðrún Björnsdóttir, Halla Björk Reynisdóttir og Kolfinna Jóhannesdóttir kynninguna. Kynningu lauk kl. 12:20

Formaður setti stjórnarfund kl. 13:25. Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar
3. Fundargerðir lánanefndar
4. Umsóknir um viðbótarflaheimildir
5. Brothættar byggðir – kynna umsóknir, ákvörðun í ágúst
6. Grímsey – til upplýsinga
7. Fundaáætlun til áramóta
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar nr. 315. Ekki komu athugasemdir og var fundargerð dreift til undirritunar.

2. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar

AÐ fór yfir rekstartölur fyrstu 5 mánaða ársins og skýrði frávik frá áætlun. Þá kom hann inn á húsnæðismál stofnunarinnar en leigusamningur rennur út 1. desember nk. Óskað var eftir minnisblað á næsta stjórnarfund um húsnæðismál stofnunarinnar.

SBS, EGK og AÐ fóru yfir starfsáætlunina og stöðu einstakra verkefna og svöruðu spurningum stjórnarmanna.

3. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 12/14, 6. maí 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 13/14, 14. maí 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

Fundargerð lánanefndar nr. 14/14, 23. maí 2014

EGK fór yfir fundargerðina.

...

...

Fundargerð lánanefndar nr. 15/14, 11. júní 2014

EGK fór yfir fundargerðina

...

Fundargerð lánanefndar nr. 16/14, 20. júní 2014

EGK fór yfir fundargerðina

...

Fundargerð lánanefndar nr. 17/14, 25. júní 2014

EGK fór yfir fundargerðina

Fundargerð lánanefndar nr. 18/14, 27. júní 2014

EGK fór yfir fundargerðina

...

4. Umsóknir um viðbótarflaheimildir

SÁ kom á fundinn og kynnti úthlutanir á aflamarki Byggðastofnunar og umsóknir sem borist hafa vegna úthlutunar á 1.100 þorskígildistonnnum sem sjávarútvegsráðherra fól stofnuninni að úthluta til Djúpavogs, Þingeyrar, Hríseyjar og Breiðdalsvíkur.

Auglýst var eftir umsóknum um aflamark Byggðastofnunar seinni partinn í maí sl. og rann umsóknarfrestur út á hádegi þann 11. júní sl. Alls bárust fimm umsóknir vegna þessara fjögurra staða, tvær vegna Þingeyrar en ein á hverjum hinna staðanna þriggja. Starfsmenn Byggðastofnunar hafa fundað með umsækjendum.

Breiðdalsvík.

Ein umsókn barst vegna Breiðdalsvíkur. Umsækjendur eru Goðaborg ehf., Ísfiskur ehf., Grábrók ehf. og Gullrún ehf. Sótt er um 150 þorskígildistonn. Mótframlag er 450 tonna eignakvóti í eigu Grábrókar (Benni SU). Annað mótframlag er hefðbundinn byggðakvóti sem áætlað er að verði allt að 200 tonn á næsta fiskveiðiarí, leigukvóti og strandveiðiafli, samtals gæti mótframlag orðið allt að 1.000 tonn. Aðfluttur stór þorskur frá Ísfiski í Kópavogi 100-200 tonn og um 100 tonn í þunnildum til söltunar.

Tillaga að afgreiðslu: Gengið verði til samninga við umsækjendur um 150 þorskígildistonna aflamark á grundvelli umsóknar.

Samþykkt samhljóða.

Hrísey

Ein umsókn barst vegna Hríseyjar. Umsækjendur eru Útgerðarfélagið Hvammur í Hrísey og K&G ehf. en síðarnefnda fyrirtækið keypti Útgerðarfélagið Hvammur í maílok. Sótt er um 150 þorskígildistonn. Mótframlag í umsókn er 270 tonn en miðað við áætlanir um hráefnismagn er ljóst að eigendur ætla sér að koma með inn í húsið í gegnum eigin báta og önnur viðskipti a.m.k. 650 tonn. Gert er ráð fyrir að því að vinna fersk flök, ásamt saltfiski og fiskþurrkun.

Samkvæmt umsókn er áætlað að auka vinnslu í Hrísey úr 500-600 tonnum á ári í 800-1.200 tonn. Útgerðarfélagið Hvammur var í rekstrarörðugleikum og áttu uppsagnir alls starfsfólks að taka gildi þann 1.júní sl. Eftir kaup K&G á fyrirtækinu og voru þær uppsagnir afturkallaðar. Gert er ráð fyrir að verja störf 14-16 manns í Hrísey og auka við ef vel gengur.

Tillaga að afgreiðslu: Gengið verði til samninga við umsækjendur um 150 þorskígildistonna aflamark á grundvelli umsóknar.

Samþykkt samhljóða.

Djúpivogur

Ein umsókn barst vegna Djúpavogs. Umsækjendur eru Vísir hf., Fiskeldi Austfjarða, Ósnes ehf. og Búlandstindur ehf. Búlandstindur er í 50% eigu Vísis en Fiskeldi Austfjarða og Ósnes eiga 25% hlut hvort félag. Sótt er um 400 þorskígildistonn og tilgreint mótframlag eru 400 tonn. Annað mótframlag er eldisfiskur, sem skiptist þannig á ár: 2014 – allt að 400 tonn, 2015 – allt að 1.000 tonn og 2016 – allt að 2.000 tonn.

Afgreiðslu var frestað. Áfram verður unnið að málinu með umsækjendum.

Þingeyri

Tvær umsóknir bárust vegna Þingeyrar. Annars vegar frá Valþjófi ehf. og hins vegar frá Dýrfiski ehf., Arctic Odda ehf., Vestfirðingur ehf., Vísir hf., og Fiskvinnslu Dýrafjarðar ehf. Vísir hf. í Grindavík hefur rekið öfluga vinnslu á Þingeyri um árabil en hjá fyrirtækinu hafa starfað um 35 manns. Vísir hefur nú tilkynnt að fyrirtækið muni ekki starfrækja vinnslu á Þingeyri frá og með vorinu 2015.

Afgreiðslu var frestað. Áfram verður unnið að málinu með umsækjendum.

5. Brothættar byggðir

AÐ kynnti verkefnið, en í maí sl. var auglýst eftir áhugasömum þátttakendum í verkefninu “Brothættar byggðir”. Verkefnið hófst á Raufarhöfn, en nær nú að auki til Bíldudals, Breiðdalshrepps og Skaftárhrepps. Markmið þess er m.a. að leiða fram skoðanir íbúanna sjálfra á framtíðarmöguleikum heimabyggðarinnar og leita lausna á þeirra forsendum í samvinnu við ríkisvaldið, landshlutasamtök, atvinnuþróunarfélag, sveitarfélagið, brottflutta íbúa og aðra.

Samkvæmt nýsamþykkttri byggðaáætlun er gert ráð fyrir því að Byggðastofnun hafi 50 mkr. á ári til verkefnanna á tímabilinu 2014-2017.

Nú liggja fyrir umsóknir frá eftirtöldum sveitarfélögum um þátttöku í verkefninu: Dalabyggð, Ísafjarðarbæ v. Flateyrar, Þingeyrar og Suðureyrar, Árneshreppi, Strandabyggð, Sveitarfélaginu Skagafirði vegna Hofsóss, Akureyrarbæ vegna Hríseyjar og Grímseyjar og Norðurþingi vegna Kópaskers. Einnig hafa forsvarsmenn Djúpavogshrepps lýst áhuga á þátttöku.

Próunarsvið Byggðastofnunar mun nú fara yfir umsóknir og greina þau gögn sem með þeim bárust. Reiknað er með því að á fundi stjórnar Byggðastofnunar í ágúst n.k. verði umsóknirnar kynntar nánar og lagðar fram tillögur um áframhald verkefnisins og fyrirkomulag þess.

6. Grímsey – til upplýsinga

...

7. Fundaáætlun til og með ársfundi 2015

- 22. ágúst 2014 á Sauðárkróki
- 19. september 2014 á Patreksfirði
- 17. október 2014 á Þórshöfn
- 14. nóvember 2014 á Sauðárkróki
- 15. desember 2014 á Akureyri
- 16. janúar 2015 á Sauðárkróki
- 13. febrúar 2015 á Djúpavogi
- 13. mars 2015 í Vestmannaeyjum
- 17. apríl 2015, ársfundur í Varmahlíð í Skagafirði

8. Önnur mál

Tillaga um endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar

AÐ gerði tillögu um að Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður taki sæti í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar.

Samþykkt samhljóða.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður 22. ágúst nk. á Sauðárkróki.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 17:30

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____